

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1989, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 338, 27. júní 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1989.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja,
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

Við 15. gr., b. staflið, skal bætt eftirfarandi: „Alfentanilum INN (t.d. Rapifen).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. október 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. september 1989.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

**um (sjöundu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan
Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, nr. 30/1983, skal almennur afgreiðslutími Akraness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 9–18.
Föstudaga	kl. 9–19.
Laugardaga	kl. 10–13.
Sunnudaga og helgidaga	kl. 13–14.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.
Auglýsing þessi öðlast gildi 1. október 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. september 1989.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.